

A 1798/välfärd

Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit Norrænu velferðarnefndarinnar um
þingmannatillögu um rafræna lyfseðla á Norðurlöndum

Tillögur

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að Norðurlandabúar geti leyst út lyf samkvæmt rafrænum lyfseðlum alls staðar á Norðurlöndum,

að rafrænir lyfseðlar frá Norðurlöndum gildi innan Evrópusambandsins,

að hún feli skrifstofunni að semja nefndarálit þar sem fram kemur að nefndin meti það mikils að verkefnið *Lösningar för vård och omsorg på distans inklusive e-recept* (Lausnir í fjarheilbrigðisþjónustu og rafrænir lyfseðlar) (*VOPD*) fari fram.

Skýring

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að Norðurlandabúar geti leyst út lyf samkvæmt rafrænum lyfseðlum alls staðar á Norðurlöndum,

að rafrænir lyfseðlar frá Norðurlöndum gildi innan Evrópusambandsins.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin vonar að tillaga þessi verði til að vekja athygli á stjórnsýsluhindrunum sem ekki hefur verið rutt úr vegi á vettvangi fjarlækninga og rafrænnar auðkenningar á Norðurlöndum og til að undirstrika hve mikilvægt sé að grípa til raunhæfra ráðstafana til að vinna bug á þeim.

Nefndinni er kunnugt um og fagnar verkefni Norrænu ráðherranefndarinnar „Nýskapandi og örugg Norðurlönd fyrir alla“ og þess hluta verkefnisins sem nefnist „Rafrænir lyfseðlar milli landa“ og hún bíður niðurstöðu þeirra með eftirvæntingu.



Nefndin óskar frekari upplýsinga um þessi verkefni Norrænu ráðherranefndarinnar áður en henni verða send tilmæli um rafræna lyfseðla á Norðurlöndum.

Af þessu tilefni hefur nefndin boðið verkefnisstjóra/-stjórum „Rafrænna lyfseðla milli landa“ að kynna viðfangsefnið og bráðabirgðaniðurstöður sínar.

Helsingfors, 3. september 2019

Bente Stein Mathisen (H)

Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)

Heli Järvinen (grænum)

Ilmari Nurminen (sd)

Ina Strøjer-Schmidt (SF)

Kaisa Juuso (saf)

Kasper Roug (S)

Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)

Maria Stockhaus (M)

Nina Sandberg (A)

Outi Alanko-Kahiluoto (grænum)

Paula Bieler (SD)

Per-Arne Håkansson (S)

Tony Wikström (ÅSD)